



**Óskar eftir fleira fólki** til þess að taka þátt í skemmtilegri vinnu með texta úr frægu leikverki um hina eilífu bið.

biðina eftir því sem við kannski vitum ekki einu sinni hvað er.

Við byrjuðum að vinna með texta úr *Beðið eftir Godot* á mánudaginn var.

Það var ótrúlega skemmtilegt.

Textinn opnaðist á nýjan hátt í hvert sinn sem nýtt fólk vann með hann.

Sjaldan verið eins mikið hlegið í nokkrum leiklistartíma.

Sláist í hópinn og njótið þess að skemmta ykkur yfir fáránleika aðstæðna og orða eins og þær birtast í einhverju margræðasta en jafnframt einfaldasta og kannski skemmtilegasta leikriti tuttugustu aldar.

Í fyrra léku Ian McKellan og Patrick Stewart

flækingana í *Beðið eftir Godot* í nafntogaðri sýningu á leikritinu í London.

Förum í þeirra föt og verðum skemmtileg eins og þeir.

Tímarnir eru á mánudögum frá kl. 14.15-16.00 í

Hlutverkasetri, Borgartúni 1

Bestu kveðjur, Trausti